

Ágæta sóknarnefndafólk.

Ég heiti Rósa Njálisdóttir og gef kost á mér sem fulltrúi leikmanna á kirkjuþing fyrir Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Snemma í vor fékk ég beiðni eða ábendingu þess efnis hvort ég vildi bjóða mig fram til kirkjuþings. Eftir smá umhugsun ákvað ég að slá til og tel mig hafa bæði tíma og ýmislegt gott til að bera sem gæti nýst vel inn í þetta verkefni.

Kirkjan hefur verið mér kær allt frá barnæsku og hef ég gætt vel að minni barnatrú. Með árunum hefur hún að sjálfsögðu þroskast en í grunninn er hún sú sama. Það sama gildir um kirkjuna og allt utanumhald hennar. Í grunninn er kirkjan og guðstrúin sú sama en umgjörðin og rekstur kirkjunnar hlýtur að taka breytingum í takt við samfélagið. Mér er annt um kristna trú og vil gjarnan fá tækifæri til að leggja mitt af mörkum til að staðinn verði vörður um kristið samfélag á Íslandi.

Ég er Samvinnuskólagengin, hef unnið við bókhald og gjaldkerastörf til fjölda ára en starfa núna hjá Stapa lífeyrissjóði eða allt frá árinu 2017. Á þessu kjörtímabili sem senn er á enda hef ég setið í fræðsluráði Akureyrarbæjar allt þar til s.l. haust er ég vék úr því sæti. Einnig var ég fyrsti varamaður í bæjarstjórn og bæjarráði og sem slík þurfti ég að setja mig inn í ýmis málefni auk fræðslumálanna sem er mjög stór og mikilvægur málaflokkur. Sú reynsla mun vafalaust nýtast mér vel ef ég tek sæti á kirkjuþingi.

Ég á sæti í Sóknarnefnd Akureyrarkirkju og hef sungið með Kór Akureyrarkirkju s.l. 21 ár mér til mikillar ánægju. Í þeim stóra og góða hópi söngfólks hef ég setið í stjórn í allnokkur ár og þá oftast sem gjaldkeri.

Ég er fædd 1963 og hlaut kristilegt uppeldi á æskuheimili mínu fyrir vestan en ég er uppalin í Suður-Bár í Eyrarsveit við Grundarfjörð. Þar var ég alin upp við það að kirkjan skiptir máli og lærði að bera virðingu fyrir henni. Til Akureyrar flutti ég 1991, var heimavinnandi í nokkur ár meðan dæturnar voru litlar en fór svo aftur út á vinnumarkaðinn, tók þátt í foreldrasamstarfi, félagsmálum, stundaði listnám og gekk í Kór Akureyrarkirkju.

Áhugamál mín tengjast flest listum. Auk þess að syngja með kórnum mínum legg ég stund á myndlist í frístundum, spila golf á sumrin og legg rækt við fjölskyldu mína, börn og barnabörn.

Mig langar að lokum að biðja um stuðning ykkar til setu á kirkjuþingi. Ég lít björtum augum og með tilhlökkun til þess að takast á við málefni kirkjunnar og fá tækifæri til að starfa með því góða fólki sem þar starfar nái ég kjöri.

Með kærri kveðju,



